

2227. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 9. janúar 2020 á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:00.

Mættir: Guðni Bergsson formaður, Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Haraldsson, Ingi Sigurðsson, Magnús Gylfason, Ragnhildur Skúladóttir og Valgeir Sigurðsson.

Mættur framkvæmdastjóri KSÍ: Klara Bjartmarz, sem ritaði fundargerð.

Forföll vegna ófærðar: Þorsteinn Gunnarsson (aðalmaður í stjórn)

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt á rafrænan hátt á milli funda af öllum stjórnarmönnum sambandsins.
2. Fundargerðir nefnda/starfshópa voru lagðar fram til kynningar:
 - Unglinganefnd kvenna 19. desember 2019.
 - Fjárhags- og eftirlitsnefnd 7. janúar 2020.
 - Starfshópur um útbreiðslumál 7. janúar 2020.
 - Fjárhags- og eftirlitsnefnd 9. janúar 2020.
3. Lög og reglugerðir
 - *Stjórn samþykkti tillögu til breytinga á greinum 26, 28, 29, 34 og 36 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:*

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.
Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

Lög er til eftirfarandi breyting á grein 26.2:

26.gr.
4. flokkur karla

~~78~~ MANNA LIÐ

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

26.2. Íslandsmót - ~~78~~ manna lið

26.2.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

26.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.

26.2.3. Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.

26.2.4. Mótinu er skipt í tvo hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.

26.2.5. Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að stytta leiktímann.

26.2.6. Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari.

Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 28:

~~28.gr.~~
~~6. flokkur karla~~

~~5~~ MANNA LIÐ

~~Aldur: 10 ára á almanaksárinu og yngri.~~

Leiktími: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 10 mín. (2 x 5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð um KSI um knattspyrnu í 5 manna liðum.

Stærð knattar: 3.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSI um knattspyrnu í 5 manna liðum.

28.1. — Pollamót KSI

28.1.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSI um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSI um knattspyrnu í 5 manna liðum.

28.1.2. Leikið er í A, B, C, og D liðum. Hverju félagi er heimilt að senda ótakmarkaðan fjölda liða til leiks.

28.1.3. Mótanefnd er heimilt að veita undanþágu til þess að félög sem skrá aðeins eitt lið til keppni geti skráð það sem B-lið ef fyrir liggur rökstuðningur sem m.a. taki mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. og skal sá rökstuðningur fylgja þátttökutilkynningu.

28.1.4. Skrái félag aðeins B-lið til keppni skv. undanþáguákvæði í grein 28.1.3. getur það lið ekki tekið þátt í úrslitakeppni viðkomandi flokks

28.1.5. Leikmaður er einungis hlutgengur með einu liði (A, B, C eða D) riðlakeppni og úrslitakeppni telur saman.

28.1.6. Keppni skal í riðlum eftir fjölda þeirra félaga sem þátttöku tilkynna. Félög, sem vilja taka til sín og hafa umsjón með riðli skulu tilkynna mótanefnd það fyrir 15. mars.

28.1.7. Umsóknirnar eru ekki bindandi fyrir mótanefnd, en þær skulu hafa forgang ef kostur er. Mótanefnd KSI skal annast niðurröðun í riðla með tilliti til umsóknanna og skal hún taka mið af eftirfarandi:

—— a. — Að eigi séu færri en fjögur lið í riðli.

—— b. — Að hafa þau lið saman í riðli sem eru á sama landsvæði eftir því sem frekast er unnt.

28.1.8. Mótinu er skipt í tvo hluta, undankeppni og svæðisbundna úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.

28.1.9. Undankeppnin skal leikin fyrir 15. júlí en úrslitakeppnin skal leikin í ágúst þar sem rétt til þátttöku eiga þau félög sem höfnuðu í fyrsta sæti í sínum riðli ásamt því félagi sem hefur umsjón með úrslitakeppninni. Þá getur mótanefnd boðið liði úr 2. sæti í sínum riðli sæti í úrslitakeppninni þegar við á.

28.1.10. Í úrslitum skal leikið til úrslita í A, B, C og D liðum. Keppni fer fram á þremur svæðum. Svæði 1 er Norður og Austurland. Svæði 2 er Vesturland og Vestfirðir. Svæði 3 er Suðurland og Reykjanes. Félög á höfuðborgarsvæðinu skiptast á milli svæða 2 og 3 samkvæmt ákvörðun mótanefndar. Miða skal við að á svæðum 2 og 3 taki 8 lið þátt í úrslitakeppni viðkomandi svæðis í tveimur riðlum. Leikið skal um öll sæti. Ekki er leikið til þrautar í úrslitaleikjum. Á Norður og Austurlandi skal fara fram úrslitakeppni samkvæmt ákvörðun mótanefndar sem tekur mið af þátttöku. Mótanefnd setur frekari ákvæði um úrslitakeppni ef þörf krefur.

28.1.11. Það félag/félög sem sigrar í úrslitakeppni telst Pollameistari KSI á viðkomandi svæði.

Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 29.:

29.gr:

Eldri flokkur karla 30 ára og eldri

Aldur: 30 ára á almanaksárinu og eldri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Leikmannaskipti: Skv. reglugerð KSI um knattspyrnu í 7 og 8 manna liðum.

Stærð knattar: 5.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSI um knattspyrnu í 7 og 8 manna liðum

29.1. — Íslandsmót — 7 manna lið

29.1.1. Hlutgengir til þátttöku eru leikmenn sem verða 30 ára á almanaksárinu og eldri.

29.1.2. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSI um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSI um knattspyrnu í 7 og 8 manna liðum

29.1.3. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni. Sami leikmaður félags er þá aðeins hlutgengur með öðru liðinu.

29.1.4. Mótanefnd skal ákveða fyrirkomulag mótsins þegar þátttaka liggur fyrir.

29.1.5. Frávik — 11 manna lið

a) Þrátt fyrir að mótið fari fram skv. reglugerð KSI um knattspyrnu í 7 og 8 manna liðum er heimilt, ef bæði keppnislíð eru sammála um slíkt, að einstakir leikir fari fram skv. knattspyrnulögunum (11 leikmenn og 5 varamenn). Leikmannaskipti skulu þó vera skv. reglugerð KSI um knattspyrnu í 7 og 8 manna liðum.

b) Meðferð agamála skal vera skv. ákvæði reglugerðar aga og úrskurðanefndar KSI um keppni í 7 manna liðum.

Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 34:

34.gr.
4. flokkur kvenna

~~78~~ MANNA LIÐ

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 60 mín. (2 x 30 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 15 mín. (2 x 7,5 mín.)

Skiptingar: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum

Stærð knattar: 4.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

34.2. Íslandsmót - ~~78~~ manna lið

34.2.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.

34.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni.

34.2.3. Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni.

34.2.4. Mótinu er skipt í tvo hluta, svæðakeppni og úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.

34.2.5. Mótanefnd er heimilt að láta keppni á einstökum svæðum fara fram í hraðmótum, ef viðkomandi aðilar æskja þess og er þá heimilt að stytta leiktímann.

34.2.6. Sigurvegari í úrslitakeppni telst Íslandsmeistari.

Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 36:

36.gr.
6. flokkur kvenna

~~5~~ MANNA LIÐ

Aldur: 10 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 10 mín. (2 x 5 mín.)

Leikmannaskiptingar: Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 5 manna liðum.

Stærð knattar: 3.

Keppni fer fram skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 5 manna liðum.

36.1. — Hnátumót

36.1.1. Leikreglur skulu fylgja knattspyrnulögunum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót nema annað sé tekið fram í reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 5 manna liðum.

36.1.2. Leikið er í A, B, C og D liðum. Hverju félagi er heimilt að senda ótakmarkaðan fjölda liða til leiks.

36.1.3. Mótanefnd er heimilt að veita undanþágu til þess að félög sem skrá aðeins eitt lið til keppni geti skráð það sem B lið ef fyrir liggur rökstuðningur sem m.a. taki mið af þátttöku og árangri í undangengnum mótum, fjölda iðkenda o.s.frv. og skal sá rökstuðningur fylgja þátttökutilkynningu.

36.1.4. Skrái félag aðeins B lið til keppni skv. undanþáguákvæði í grein 36.1.3. getur það lið ekki tekið þátt í úrslitakeppni viðkomandi flokks.

36.1.5. Leikmaður er einungis hlutgengur með einu liði (A, B, C eða D), riðlakeppni og úrslitakeppni telur saman.

36.1.6. Keppt skal í riðlum eftir fjölda þeirra félaga sem þátttöku tilkynna. Félög, sem vilja taka til sín og hafa umsjón með riðli skulu tilkynna mótanefnd það fyrir 15. mars.

36.1.7. Umsóknirnar eru ekki bindandi fyrir mótanefnd, en þær skulu hafa forgang ef kostur er. Mótanefnd KSÍ skal annast niðurröðun í riðla með tilliti til umsóknanna og skal hún taka mið af eftirfarandi:

—— a. — Að eigi séu færri en fjögur lið í riðli.

—— b. — Að hafa þau lið saman í riðli sem eru á sama landssvæði eftir því sem frekast er unnt.

36.1.8. Mótinu er skipt í tvo hluta, undankeppni og svæðisbundna úrslitakeppni. Keppnin er stigakeppni.

36.1.9. Undankeppnin skal leikin fyrir 15. júlí en úrslitakeppnin skal leikin um miðjan ágúst þar sem rétt til þátttöku eiga þau félög sem höfnuðu í fyrsta sæti í sínum riðli ásamt því félagi sem hefur umsjón með úrslitakeppninni. Þá getur mótanefnd boðið liði úr 2. sæti í sínum riðli sæti í úrslitakeppninni þegar við á.

36.1.10. Í úrslitum skal leikið til úrslita í A, B, C og D liðum. Miða skal við að á Suður- og Vesturlandi taki 8 lið þátt í úrslitum í tveimur riðlum. Leikið skal um öll sæti. Ekki er leikið til þrautar í úrslitaleikjum. — Á Norður- og Austurlandi fara fram úrslitakeppni samkvæmt ákvörðun mótanefndar sem tekur mið af þátttöku. Mótanefnd setur frekari ákvæði um úrslitakeppni ef þörf krefur.

36.1.11. Það félag/félög sem sigrar í úrslitakeppni telst Hnátumeistari KSÍ á viðkomandi svæði.

Greinargerð:

Um er að ræða breytingar sem unnar voru af mótanefnd KSI. Þátttaka í 6. flokki hefur verið mjög lítil undanfarin ár, ásamt því að nægt framboð á leikjum í þessum aldursflokki er til staðar í mótum á vegum félaganna. Sömuleiðis hefur verið mjög lítil þátttaka verið í mótum í eldri flokki 30 ára undanfarin ár. Því hefur verið ákveðið að KSI hætti að standa fyrir mótum í þessum aldursflokkum.

Talið er að það henti vel að bjóða upp á keppni 8 manna liða í 4. aldursflokki. Í 5. flokki er nú þegar leikið í 8 manna liðum. Með þessari breytingu er félögunum gefið tækifæri til að bjóða iðkendum að halda áfram að leika í 8 manna bolta.

- Stjórn samþykkti tillögu til breytinga á reglugerð KSI um þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum, greinum 2.1 og 2.2.

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

Grein 2.1, sem er svohljóðandi:

2.gr.

Þátttaka í æfingum

- 2.1. Félög skulu heimila leikmönnum sínum þátttöku í æfingum og æfingaleikjum undir stjórn landsliðsþjálfara að lágmarki sem hér segir:

	KARLAR					KONUR				
	A	U21	U19	U17	Hæfi-leika-mótun	A	U21	U19	U17	Hæfi-leika-mótun
Janúar	1	1	1	2		1	2	2	2	
Febrúar	1	1	1	2	1	1	2	2	2	1
Mars	1	1	1	2	1	1	1	1	2	1
Apríl		1	1		1	1	1	1	1	1
Mái										
Júní				1	1				1	1
Júlí				1						
Ágúst					1					1
September				1	1	1	1	1	1	1
Október	f	f	f	f	f	f	f	f	f	f
Nóvember	f	f	f	f	f	f	f	f	f	f
Desember	f	f	f	f	f	f	f	f	f	f

1 tákna 1 helgi - 2 tákna 2 helgar - f tákna frjálst

Verði svohljóðandi:

2.gr.

Þátttaka í æfingum

2.1. Félög skulu heimila leikmönnum sínum þátttöku í æfingum og æfingaleikjum karla- og kvennalandsliða undir stjórn landsliðsþjálfara að lágmarki sem hér segir:

	A	U21	U19	U18	U17	U16	U15
Janúar	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ
Febrúar	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ
Mars	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ
Apríl		Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ
Mái							
Júní					Æ	Æ	Æ
Júlí							Æ
Ágúst							Æ
September		Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ
Október	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2
Nóvember	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2
Desember	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2

Æ tákna þrjú samfelldir æfingadagar

Æx2 tákna 2x þrjú samfelldir æfingadagar

Lögð er til eftirfarandi breyting á grein 2.2.:

2.gr.

Þátttaka í æfingum

2.2. Þá skulu félög heimila leikmönnum sínum þátttöku í æfingum landsliðs síðustu 4 dagana fyrir landsleik og hafi landslið komist áfram eftir riðlakeppni EM eða HM skulu félög heimila leikmönnum sínum þátttöku í sérstökum undirbúningsæfingum.

KSÍ skal leitast við að landsliðsæfingar karla liða séu um sömu helgi í hverjum mánuði og á sama hátt séu kvennalið með æfingar um sömu helgi í hverjum mánuði.

KSÍ skal tilkynna félögum val leikmanna á landsliðsæfingar og félögin skulu tilkynna leikmönnum sínum um valið.

Greinargerð:

Um er að ræða breytingar sem unnar voru af knattspyrnusviði KSÍ annars vegar og laga- og leikreglnanefnd KSÍ hins vegar. Tillagan felur í sér að skýrar sé kveðið á um það í reglugerðinni hvenær heimila skuli leikmönnum þátttöku í æfingum og æfingaleikjum undir stjórn landsliðsþjálfara. Þá hafa reglur um æfingar yngri landsliða kvenna verið samræmdar við yngri landslið karla.

4. Ársþing

- Rætt um málþing 21. febrúar í Ólafsvík og hugmyndir að dagskrá ræddar, til dæmis fjármál, mótamál, verkefni yfirmanns knattspyrnusviðs, endurskoðun kvennaknattspyrnu o.fl. Endanlegri ákvörðun um dagskrá frestað.
- Stjórn ræddi um fjölda þingfulltrúa og kynjahlutfall þeirra. *Stjórn samþykkti að hvetja aðildarfélög sín til að huga að kynjaskiptingu þegar þingfulltrúar eru valdir.*
- Rætt um tillögur en frestur til að skila tillögum er 21. janúar. Stjórn hefur þegar samþykkt að leggja fram tvær tillögur, leyfiskerfi kvenna og breytingar á lögum sambandsins. Stjórn hefur einnig hug á að leggja fram þingsályktunartillögu um til dæmis ferðakostnað.
- Rætt um starfshóp um fjölgun leikja í Pepsi Max deild karla en í þeim starfshópi eru Haraldur Haraldsson, Þórir Hákonarson, Börkur Edvardsson, Orri Hlöðversson, Valgeir Sigurðsson, Björn Friðþjófsson og Tómas Þór Þórðarson. Ljóst er að þetta er umfangsmikið mál sem kallar á góða undirbúningsvinnu. Taka þarf sérstaklega til skoðunar aukinn kostnað vegna mögulegrar fjölgunar.
- Rætt um framboð til stjórnar en Gísli Gíslason, Ragnhildur Skúladóttir, Ingi Sigurðsson og Valgeir Sigurðsson, ásamt varamönnum og landshlutafulltrúum eru í kjöri í ár.
- Stjórn undirbjó tillögu sína um þingforseta og þingritara fyrir ársþing.

- *Stjórn samþykkti einróma að sæma heiðurskross KSÍ fyrir ómetanleg störf í þágu knattspyrnunnar.* Þá var einnig samþykkt að afhenda þeim leikmönnum A landsliðs kvenna sem hafa leikið yfir 100 leiki viðurkenningu sína á ársþinginu. Stjórn var sammála um að endurskoða reglugerð KSÍ um landsliðsviðurkenningar og einnig um mikilvægi þess að afhenda viðurkenningar til leikmanna sem fyrst eftir að tilteknum áföngum er náð.
- Framkvæmdastjóri kynnti fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2020. Ljóst er að gæta þarf aðhalds í rekstri og fara vel yfir allan rekstrarkostnað sambandsins. Kostnaður við undirbúning Laugardalsvallar fyrir leikinn gegn Rúmeníu í mars (sem gæti orðið allt að 70 milljónir skv. áætlun) og mögulegur seinni leikur á útivelli hafa veruleg áhrif á áætlun ársins. Stjórn lýsti yfir þungum áhyggjum af því að ef kostnaður sem þessi verði aftur eftir 2 ár ef við leikum aftur í umspili fyrir HM 2022. Stjórn fagnaði fréttum af því að Reykjavíkurborg ætli í viðhald á Laugardalsvelli á árinu, til dæmis á búningsklefum og salernisaðstöðu við austurstúku.

5. Undirbúningur landsleiks Íslands og Rúmeníu 26. mars 2020

- Minnisblað um ástand Laugardalsvallar lagt fram. Ástand leikflatar er viðunandi miðað við árstíma. Rætt var um áætlaðan kostnað við undirbúning Laugardalsvallar og þann möguleika á að sama staða verði uppi 2022.
- Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um mögulegan kostnað við það að leika leikinn utan Íslands. Kostnaður við að leigja leikvang erlendis og framkvæma leik þar gæti orðið sambærilegur og við að leika á Íslandi, en stór óvissuþáttur í þeirri áætlun er vallarleiga í viðkomandi landi. Stjórn er sammála um að staðan sé erfið og kostnaður við heimaleikinn í mars sé óásættanlegur og getur komið niður á öðru starfi sambandsins.

6. Ferðapátttökugjöld

- Ingi Sigurðsson formaður starfshóps um ferðapátttökugjöld kynnti niðurstöður hópsins. Mikil vinna hefur verið unnin bæði á vettvangi starfshópsins og stjórnar. Ítarleg umræða fór fram um málið. Stjórn sammála um að stefna að nýrri nálgun í málinu, en skv. þeirri aðferð er ferðajöfnuður reiknaður saman á allar deildir og fundið jöfnunargjald fyrir heildina. Þar er einnig gert ráð fyrir stuðlum á landshluta skv. fyrirmynd ferðasjóðs ÍSÍ. Rætt var um hlut KSÍ í sjóðnum, kílómetragjald og greiðsluhlutfall aðildarfélaga. Eftir umræður um málið var því vísað til fjárhags- og eftirlitsnefndar til skoðunar í samhengi við fjárhagsáætlun, ekki síst með tilliti til þess að þessi útgjaldaauki er til næstu ára. Lögð er áhersla á að kynna niðurstöðuna vel þegar hún liggur fyrir og einnig þarf að huga að formsatriðum varðandi reglugerð og ársþing. Starfshópnum var þakkað fyrir vel unnin störf.

7. Mótamál

- Rætt um tillögu mótanefndar um að taka upp sjálfstæða keppni varaliða til reynslu í eitt ár. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að KSÍ leggi fram dómara og heimalið aðstoðardómara. *Stjórn samþykkti tillögu mótanefndar um að taka upp sjálfstæða keppni varaliða árið 2020 en leggur áherslu á að um verði að ræða einfalt mót í umsýslu og framkvæmd.* Mótanefnd og laga- og leikreglanefnd falið að koma málinu í ferli.
- Íslandsmótum í futsal er lokið. Álftanes sigraði í mfl. kv. og Víkingur Ólafsvík sigraði í mfl. ka.
- Síðasti skiladagur þátttökutilkynninga fyrir mótin 2020 er 10. janúar.
- Niðurröðun fyrir sumarið í vinnslu. Búið er að birta drög að niðurröðun Pepsí Max deildar karla og kvenna. Stefnt er að því að birta drög að niðurröðun í 1. deilda og 2. deildar karla fyrir helgi. Aðrar deildir verða birtar í framhaldinu.

8. Dómaramál

- Samningur við FDD rann út um síðustu áramót. Samningaviðræður standa yfir.

9. Mannvirkjamál

- Listi yfir úthlutanir og útgreiðslur styrkja vegna ársins 2019 var lagður fram til kynningar. Ekki koma fram í þessu yfirliti styrkir sem voru greiddir á árinu 2019 vegna frestaðra verkefna.

Aðildarfélag - lýsing verkefnis	Samþykktur styrkur	Greiddur styrkur	Beiðni um frestun
Breiðablik - endurnýjun gervigrass í Fagralundi	4.500.000	4.500.000	
Breiðablik - flóðlýsing á Kópavogsvelli	4.500.000	4.500.000	
Breiðablik - gervigras á Kópavogsvöll, hitalagnir og vökvunarkerfi	3.500.000	3.500.000	
Einherji - Vallarhús, nýbygging	10.000.000		10.000.000
FH - Nýbygging, knatthúsið Skessan	3.250.000	2.250.000	
FH - Gervigras í knatthúsið Skessuna	7.000.000	7.000.000	
Grindavík - Uppbygging aðstöðu við stúku og knatthús	7.000.000		7.000.000
Höttur - Endurnýjun varamannaskýla á Vilhjálmsvelli/Fellavelli	700.000	700.000	
Huginn - Endurnýjun grasvallar	3.000.000		3.000.000
ÍBV - Nýir búningsklefar á Hásteinsvelli	3.250.000		3.250.000
KR - Vökvunarkerfi á aðalvöll	2.000.000	2.000.000	
Magni - Vallarhús og stúka	2.000.000		2.000.000
Valur - Varamannaskýli á Friðriksvöll	300.000		
Próttur Vogum - Varamannaskýli og aðstaða við Vogabæjarvöll	1.000.000	1.000.000	
	52.000.000	25.450.000	25.250.000

10. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar yfirlit yfir verkefni á Laugardalsvelli í byrjun júní. Miðað við fyrirbyggjandi dagskrá gætu orðið þrír leikir á vellinum ásamt æfingum á tímabilinu 3.-9. júní. Skoða þarf hvort að völlurinn ráði við þetta álag, sérstaklega þegar litið er til óvissu um áhrif leiks Íslands og Rúmeníu í mars á grasið.
- Borghildur Sigurðardóttir formaður starfshóps um eigið fé kynnti minnisblað um starf hópsins. Búið er að greina fjárhagsupplýsingar sambandsins og fá upplýsingar frá UEFA um önnur sambönd. Stjórn ræddi niðurstöðu hópsins í samhengi við mikinn kostnað við umspilsleik á heimavelli vorið 2020 og mögulega aftur 2022. Málið verður unnið áfram í samvinnu við formann og síðan lagt aftur inn til stjórnar.
- Valgeir Sigurðsson meðlimur í starfshóp um útbreiðslumál ræddi um útbreiðslumál í fjarveru Þorsteins Gunnarssonar formanns starfshóps um útbreiðslumál.
 - Hópurinn fékk til umsagnar tillögu um að leggja knattspyrnskóla KSÍ niður. Starfshópurinn er sammála tillögunni enda hafa önnur verkefni komið í staðinn og unnið er með sömu leikmenn í hæfileikamótun KSÍ. *Stjórn KSÍ samþykkti að leggja knattspyrnskóla KSÍ niður.*
 - Starfshópur um útbreiðslumál leggur áherslu á að færa þá fjármuni sem sparast með þessu í önnur útbreiðslu-/grasrótarkerfni.
 - Þá leggur starfshópurinn áherslu á að tryggja þurfi útbreiðslu-/grasrótarkerfni til 4ra ára og lagði fram minnisblað/stefnumótun í málaflokknum.
 - Stjórn þakkaði starfshópnum fyrir gott starf í málaflokknum og er sammála því að tryggja þurfi samfellu og stöðugleika í útbreiðsluverkefnum enda eru þau hornsteinn í stefnu KSÍ, sem miðar að því að fjölga iðkendum.
 - Skoða þarf tillögur starfshópsins í samræmi við fjárhagsáætlun 2020.
- Ásgeir Ásgeirsson formaður samninga- og félagskiptanefndar KSÍ ræddi um leikmannssamninga og stöðu leikmanna og félaga.



Næstu fundir:

- Miðvikudagur 12. febrúar
- Föstudagur 21. febrúar (stór stjórn)

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið kl. 19:50.